

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 16. apríl 2026 eftirfarandi:

Suðurhraun 6 og 10 – deiliskipulagsbreyting.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

Grunnflötur húsa verði 60% af flatarmáli lóðar í stað 50%.

Heimilt er að hafa sameiginlega aðkomu að aðliggjandi lóðum.

Heimilt er að samnýta bílastæði á aðliggjandi lóðum.

Ákvæði um að bílastæði skulu að jafnaði vera götumegin við hús og ákvæði um bindandi byggingarlínur felld út.

Hámarkshæð frá gólfplötu jarðhæða í mæni verður 9,8 m.

Ákvæði um hæð þakbrúna er því felld út.

Í grein 2.1.4 *Frágangur lóða* bætist við eftirfarandi: Breidd kvaðar um gróðurbelti innan lóðar númer 10 skal ná að húshlið þar sem byggingarreitur færist að götu. Ef gafl sem snýr að götu verður gluggalaus skal hugað vel að útliti hans og yfirbragði t.d. með uppbroti í efnisvali, hávöxnum trjátegundum, klifurgróðri eða listaverki.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 9. september 2026.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 9. september 2026